

**VGS Verkfræðistofa**

Austurvegi 42
800 SELFOSSI

b.t. Guðjóns Þóris Sigfússonar
verkfr. M.Sc.
gudjon@vgs.is

Umsögn vegna veltengingu fyrir Vorhús (úr Andrésarfjósum) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar lóðarblað vegna veltengingu fyrir Vorhús (úr Andrésarfjósum) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem unnin er af VGS Verkfræðistofu dags. 29.07.2020.

Síða 1/1

Vegagerðin bendir á að allar tengingar við þjóðvegi skal sýna með skýrum hætti á uppdráttum og óskar eftir nánari teikningu þar sem umferðaröryggismálum eru gerð betri skil.

Tengingar sem ekki eru sýndar á skipulagi, t.d. túntengingar, má ekki ganga að sem vísun miðað við breytta notkun, t.d. ef byggt er frístundahús. Við mögulega uppbyggingu svæða í nágrenni er farið fram á að öðrum verði heimilt að nýta þegar samþykktar tengingar við þjóðveg, þannig að fjöldi tenginga á svæðinu verði haldið í lágmarki. Skilyrði þetta komi fram á skipulagsuppdraetti. Gæta skal að sjónlengdir við gatnamót séu nægjanlegar og að veltengingar séu sem næst hornrétt á veg.

Tryggja skal að aðkomuvegur verði utan við trjábelti og huga að sjónlengdum gagnvart reiðstíg og þjóðvegi. Huga þarf sérstaklega að öryggi gangandi- og hjólandi vegfarenda.

Afrit sent til sveitarfélagsins; skeidgnup@skeidgnup.is

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Undirskrift